

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024, nýtt íbúðarsvæði, Reynisvatnsás - Grafarholt.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 18. september 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 frá 20. desember 2002.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

1. Rúmlega 10 ha svæði norðan Reynisvatnsvegjar sem nú er skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota breytist í íbúðarsvæði með þéttleika 12-14 íbúðir/ha.
2. Mörk „Græna trefilsins“ færast eilítið til austurs upp í Reynisvatnsás og til norðurs í Úlfarsárdalnum vegna íbúðarsvæðisins.
3. Fyrirhugaður stofnstígur sem liggur þvert um Úlfarsárdalinn, færast utar eða vestur fyrir væntanlega safngötu sem þjóna mun hinu nýja íbúðarsvæði.
4. Gert er ráð fyrir tveimur nýjum undirgöngum á Reynisvatnsvegi.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 18. september 2007.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

\_\_\_\_\_  
*Logi Kjartansson.*